Sýnum karakter

Sýnum karakter er samstarfsverkefni Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) og Ungmenntafélags Íslands (UMFÍ). Vefsíða verkefnisins (www.synumkarakter.is) er ætluð þjálfurum og íþróttafélögum.

Fyrirmyndarfélag ÍSí og Fyrirmyndarhérað ÍSí

Fyrirmyndarfélag ÍSí og Fyrirmyndarhérað ÍSí eru gæðaverkefni íþróttahreyfingarinnar er snúa að íþróttastarfi. Með því að taka upp gæðaviðurkenningu fyrir íþróttastarf geta íþróttafélög, -deildir eða -héruð sótt um viðurkenningu til ÍSí miðað við þær gæðakröfur sem ÍSí gerir. Þjálfaramenntun ÍSí þjálfaramenntun ÍSí er áfangaskipt fræðsluferfi í fimm þrepum þar sem skilgreindar eru kröfur um menntun fyrir ákveðna markhópa. Þetta kerfi er samræmt fyrir allar íþróttgreinar. Menntun á fyrstu þremur þrepunum er innan íþróttahreyfingarinnar

Metoo fræðsluefni

ÍSí bendir félögum og öðrum sambandsaðilum á það fræðsluefni sem til er og má finna á vefsíðu ÍSí (<http://isi.is/raedsla/kynferdisleg-areitni-ofbeldi/>). Íþróttafélög geta haft samband við ÍSí ef þau vilja fá nánari fræðslu um þetta málefni.

Samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs og breyting á íþróttalögum

Lög um samskiptaráðgjafa í Íþrótt- og æskulýðsstarfi tóku gildi 1. apríl 2019. Við gildistöku laganna varð breyting á íþróttalögum nr. 64/1998. Á eftir 15. grein laganna kemur ný grein, svohljóðandi: Óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum sem falla undir lög þessi og sinna íþróttastarfi einstaklinga sem hlotið hafa refsíðom vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsíðom fyrir brot gegn ákvæðum laga um ávana-

og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem eru sjálfboðaliðar í íþróttastarfi. Við ráðningu til starfa hjá þeim aðilum sem falla undir lög þessi skal ávallt liggja fyrir sakavottorð og upplýsingar úr sakaskrá um það hvort umsækjandi hafi hlotið refsíðom vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Á þetta við hvort sem einstaklingur hyggst taka að sér launað starf eða sjálfboðaliðastarf.

Vertu með!

ÍSí og UMFÍ standa sameiginlega að útgáfu bæklingisins Vertu með! á sex tungumálum. Bæklingurinn hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi.

Íþróttaping ÍSí

74. Íþróttaping ÍSí fór fram dagana 3.-4. maí 2019. Kosið var um helming stjórnar eða samtals sjö stjórnarmenn til fjögurra ára en 10 einstaklingar buðu sig fram í þessi sjö sæti. Kosið verður næst um forseta ÍSí árið 2021. Íþróttamannanefnd ÍSí á nú í fyrsta sinn fulltrúa í stjórn ÍSí.

Formannafundur ÍSí

Árlegur Formannafundur ÍSí var haldinn 29. nóvember í Laugardalshöllinni. Ríflega 70 manns sóttu fundinn. Lárus L. Blöndal forseti ÍSí setti fundinn og ávarpaði fundargesti. Hann ræddi ýmsar áskoranir í starfsumhverfi íþróttahreyfingarinnar, svo sem styrkjaumhverfi og markaðsstarf, brottfall, þjóðarleikvanga, #églika málefni, íþróttalög, lottóskiptingu og framtíðarskipulag íþróttahreyfingarinnar.

Jafnréttisáætlanir

Innan íþróttahreyfingarinnar er mikilvægt að jafnréttis í sem viðustum skilningi sé gætt. ÍSí hefur nú í samstarfi við Jafnréttisstofu útbúið annars vegar „Leiðbeiningar um gerð jafnréttisáætlana“ og hins vegar „Jafnréttisáætlun fyrir íþróttafélög“. Jafnréttisáætlunin er öllum sambandsaðilum og íþróttafélögum innan ÍSí heimilt að nota, íþróttastarfinu til heilla og framfara.

Betra félag

Á vefsíðu ÍSí má finna ýmsar upplýsingar er varða skipulagslega þætti íþróttfélags, sérsambands og íþróttahéraðs. Á Vimeo-síðu ÍSí má sjá fjögur myndbönd sem gerð voru í tengslum við verkefnið Betra félag, sem er samstarfsverkefni ÍSí og UMFÍ.

Hagræðing úrslita í íþróttum

Hagræðing úrslita íþróttakeppna merkir fyrirkomulag, gjörning eða aðgerðaleysi sem er af ásetningu og miðar að því að breyta úrslitum eða gangi íþróttakeppni með óviðeigandi hætti í því skyni að vikja alfaríð eða að hluta til frá hinu ófyrirsjáanlega eðli fyrrnefndrar íþróttakeppni til þess aftur að ná fram óréttmætum ávinningi fyrir sjálfan sig eða aðra. Bent er á grein 1.7 í lögum ÍSí, sem bætt var við lög ÍSí á Íþróttapingi í maí 2019. Þar stendur: „Aðilar sem falla undir lög þessi skulu setja sér reglur sem leggja bann



við veðmálum þeirra sem taka þátt í leikjum, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin leiki eða eigin mót. Þá skulu reglurnar leggja bann við því að heimilt sé að veita upplýsingar um íþróttir í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál og fela í sér fjárhagslegan ávinning.”

Samningur ÍSí og Air Iceland Connect

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) og Air Iceland Connect (AIC) eru með samning um afsláttarkjör á innanlandsflugi fyrir íþróttahreyfinguna.

Höfuðhögg og heilahristingur

Höfuðhögg getur haft alvarlegar afleiðingar. Um það eru mörg dæmi í knattspyrnu og fleiri íþróttum. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og Knattspyrnusamband Íslands hafa í samstarfi unnið fræðslumyndbönd tengd þessu mikilvæga viðfangsefni.

Úthlutun styrkja úr Afrekssjóði ÍSí

Framlag ríkisins til Afrekssjóðs ÍSí fyrir árið 2019 var 400 m.kr. og heildarúthlutun ársins 2019 til sérsambanda ÍSí var 452,9 m.kr.

Á vefsíðu ÍSí og Afrekssjóðs ÍSí má sjá hvernig styrkveitingar skiptast á milli sérsambanda ÍSí en auk þess hefur Afrekssjóður ÍSí gefið út skýrslu vegna ársins 2019 þar sem má finna fróðleik um starfsemi sjóðsins og áherslur.

Ferðasjóður íþróttafélaga

ÍSí úthlutaði 127 milljónum króna úr Ferðasjóði íþróttafélaga í mars 2019 vegna keppnisferða á fyrirfram ákveðin styrkhæf mót ársins innanlands. Styrkir úr Ferðasjóði íþróttafélaga eru greiddir beint til Íþrótt- og ungmennafélaga.

róttaslysasjóður

Velferðarráðuneytið hefur lagt af framlag til sjóðsins og hefur ÍSí tilkynnt íþróttahreyfingunni að hætt verði að taka á móti nýskráningum slysa í sjóðnum frá og með 1. mars 2020. Kostnaður vegna skráðra slysa í sjóðnum verður endurgreiddur út árið 2020 eða skemur ef fjármagn sjóðsins þrýtur.

Bogfimisamband Íslands stofnað

Stofnþing Bogfimisambands Íslands (BFSÍ) var haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 1. desember 2019. Með stofnun þessa nýja sérsambands eru sérsambönd ÍSí orðin 33 talsins.



Frá félögunum



Bogfímifélagið Boginn

Aðalfundur: 04.04.2019.

Astrid Daxböck, formaður

Rúnar Þór Gunnarsson, varaformaður

Ingólfur Rafn Jónsson, gjaldkeri

Eva Rós Sveinsdóttir, ritari

Gunnar Þór Jónsson, meðstjórnandi

Erla Marý Sigurpálsdóttir og Tryggvi Einarsson, varamenn

Á árinu 2019 hélt Bogfímifélagið Boginn áfram með barna- og unglinga-starfið sitt í samstarfi við Bogfímisetrið og afreksstarfið ungmenna. Boginn hélt áfram að þjálf og bæta við búnaði fyrir barna- og unglinganám-skeiðin og efnilega ungmenn til að aðstoða þá við áframkomu í íþróttinni. Þrátt fyrir skorts á þjálfurum þá er barna- og ungmennastarfið í mjög góðum vexti á gæðum sem sést í árangur á fjölda af mótum.

Meðlimir Bogans stóðu sig framúrskarandi á mótum héraðs og erlendis, tóku Íslandsmeistararitla í næstu því öllum boga- og aldursflokkum innandyra og utandyra, slóu fullt af Íslandsmeitum og unnu medalíur á mótum erlendis.

Á heimsbikarmóti í bogfimi utanhúss í Berlin, Þýskalandi, settu hjónin Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir og Albert Ólafsson Heims- og Evrópumet í blandaðri liðakeppni í masters flokki.

Á Veronicas Cup world ranking event unnu meðlimir Bogans 3 medalíur í liðakeppni og 1 medalíu í einstaklingskeppi og kepptu um 2 til viðbótar.

Á Evrópuleikum 30+ (European Master Games) í Torino, Ítalíu, kepptu meðlimir Bogans og 1 gull, 2 silfur og 2 brons í einstaklingskeppni.

Eowyn Marie Mamalias fékk sæti í trissuboga kvenna á Evrópuleikumunum (European Games) sem fóru fram í Minsk, Belarus. Aðeins 16 konur úr Evrópu fengu sæti í þessum flokki. Eowyn lenti í 9. sæti og vakti mikla athygli á leikunum þar sem hún var lang yngsti keppandinn 14 ára gömul. Guðmundur Örn Guðjónsson úr Boganum var valinn íþróttamaður ársins í bogfimi.

Framtíðar markmiðið er áfram að auka gæði og fjölda þjálfara, búnaðar og aðstöðu í félaginu og fjölga meðlinum, halda yfirburðum á Íslandi og ná góðum árangri á mótum innanlands og erlendis og finna og byggja

upp góða styrkjaleiðir fyrir afreksíþróttafólkið í Boganum svo að þau geta haldið áfram að greiða niður ferðir sínar í landsliðinu. Og bæta samskipti við Kópavogsbæ.

Einnig er eitt mikilvægt markmið Bogans að halda góðu samstarfi við önnur félög á höfuðborgarsvæðinu í heildar uppveiti á bogfimi.



Gerpla

Íþróttafélagið Gerpla hélt aðalfund 28. ágúst 2019 fyrir starfstímabilið 1. júní 2018 – 31. maí 2019.

Stjórn félagsins á tímabilinu:

Ragnheiður M. Ólafsdóttir, formaður,

Atli Björn Þorbjörnsson, Heiður Hjaltadóttir,

Hjalti Ragnar Eiríksson, Marta Kristín Sigurjónsdóttir,

Sigrún Óskarsdóttir og Sif Pálsdóttir.

Á aðalfundi stigu Atli Björn Þorbjörnsson og Sigrún Óskarsdóttir til hliðar úr stjórn en þeirra sæti tóku þau Hreggviður Símonarson og Hanný Ösp Pétursdóttir.

Íþróttafélagið Gerpla starfrækti sex mismunandi deildir innan félagsins á liðnu tímabili í tveimur íþróttahúsum. Áhaldadeild karla og kvenna, hóp-fimleika karla og kvenna, almenna deild, parkour deild, fimleikadeild karla og kvenna og fimleika fyrir fatlaða. Gerpla leggur áherslu á fjölbreytt þjónustuframboð og hefur það einkennt starfsemi félagsins undanfarin ár. Boðið er uppá fimleika í mismunandi formi fyrir breiðan aldurshóp hvort heldur sem markmiðið er að stunda líkamsrækt eða stefna á keppni í fimleikum. Parkourdeildin hefur verið að vaxa ört og stunda rúmlega 100 iðkendur parkour hjá félaginu. Parkour er íþrótt sem er stunduð án keppni og er vinsælli hjá strákum en stelpum. Eins fjölgaði í hóp-fimleikadeildinni með tilkomu nýs fimleikahúss við Vatnsendaskóla vorið 2018 en það er aðstaðan sérsniðin að hóp-fimleikum.



Áhaldafimleikarnir, fimleikar fyrir fatlaða, almenna deildin og fimleika-deildin hafa aðalaðsetur í Versölum en hóp-fimleikarnir og parkour deildin eru aðallega í Vatnsenda. Ásóknin er alltaf jafnmikil í félagið allt árið um kring og eru enn einhver fjöldi iðkenda á biðlista þrátt fyrir að Gerpla hafi tekið í notkun nýtt fimleikahús á síðasta ári. Það hefur þó saxast á hann og þeir sem vilja stunda fimleika sem líkamsrækt eiga greiðan aðgang að félaginu. Vinsælustu tímar dagsins eru æfingar fyrir klukkan 17:00 á daginn og komast færri að en vilja á þær tímasetningar.

Deildarstjórnir í félaginu sjá um að gæðastýra sínum deildum og fylgja eftir þjálfun hópa og samhæfa á milli hópa og deilda. Vel hefur gengið undanfarin ár og er samræmi á verkferlum og fleira alltaf að verða betri á milli ára. Áhersla deildarstjórnanna síðasta tímabil var að auka samskipti og hafa þau greiðari á milli foreldra og þjálfara en það varð auðsöttara með tilkomu sportablar sem er snjallforrit sem heldur meðal annars utan um æfingasókn iðkenda.

Líkt og undanfarin ár hefur Gerpla verið mótshaldari fyrir hönd Fimleika-samband Íslands og var það með sambærilegum hætti þetta starfsár. Iðkendur Gerplu voru sigursælir á mótum vetrarins og eignaðist félagið fjölda allan af Íslands- og bikarmeisturum bæði í áhaldafimleikum og hóp-fimleikum sem og í fimleikum fatlaðra. Yngri iðkendur Gerplu unnu einnig til fjölda verðlauna og tóku þátt á fjölmörgum mótum bæði á vegum FSÍ sem og á millifélagamótum en einnig á erlendri grundu.

Mikið hefur verið um endurnýjun og viðhald áhaldna síðustu ár og var 2018-2019 ekkert undanskilið. Sökum mikils álags í salnum bæði vegna íþróttakennslu sem og fimleikaæfinga eru áhöldin fljót að slitna og er endurnýjunarþörfin mun hraðari innan veggja Gerplu en í öðrum fimleikasölum. Kópavogsbær styður við þá endurnýjun og er það nauðsynlegt til að halda örygginu í fyrirrúmi innan salarins.

Vorsýning félagsins var á sínum stað en hún var haldin 29.-30.maí 2019. Heiti sýningarinnar 2019 var Ofurhetjur Gerplu. Rakel Másdóttir og Bára Björt Stefánsdóttir voru sýningarstjórnarar og voru þær stórkostlegar í sýnum hlutverkum. Sýningin var hin glæsilegasta og var fullt hús á öllum sýningum.

Sumarstarfið var blómlegt 2019 og voru haldin fjöldinn allur af sumar-námskeiðum sem voru vel sótt. Heilsdags sumarnámskeiðin voru bæði keyrð í Vatnsenda og Versölum. Keppnishópar æfðu út júní og byrjuðu aftur í ágúst.

Að lokum vil ég fyrir hönd Íþróttafélagsins Gerplu þakka öllum þeim fjölmörgu einstaklingum sem gera starfið innan Gerplu að veruleika fyrir en framlag þeirra og stuðningur við að gera starfið eins blómlegt og árangursríkt og raun ber vitni lykilsfarsenda í starfsemi Gerplu.

Áfram Gerpla!

Olga Bjarnadóttir



Gróttu

Aðalfundur Íþróttafélagsins Gróttu fór fram 2. maí 2019 í hátíðarsal Gróttu. Rekstrarmiðurstöður ársins voru viðunandi. Engar breytingar urðu á aðalstjórn, Bragi Björnsson er áfram formaður og Pröstur Þór Guðmundsson varaformaður. Auk þeirra eru Hreinn Októ Hreinsson, Kristinn Þorvaldsson og Ragnar Rafnsson í aðalstjórn Gróttu.

Á árinu 2019 náðist góður árangur á ýmsum sviðum hjá Íþróttafélaginu Gróttu. Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu sem var á sínu þriðja ári og lék í 2. deild þar sem liðið náði þeim frábæra árangri að komast upp um deild. Meistaraflokkur karla lék í 1. deild sumarið 2019 og gerði sér lítið fyrir og vann Inkasso deildina í sumar og spilar í Pepsi Max deildinni í fyrsta sinn í sumar. Áhersla félagsins mun þó ekki breytast og verður áfram lögð áhersla á að gefa ungum og uppöldum leikmönnum Gróttu tækifæri næsta sumar. Mikil fjölgun iðkenda hefur orðið hjá knattspyrnu-deildinni og eru þeir nú orðnir fleiri en 400 talsins.

Meistaraflokkur karla í handbolta féll í 1. deild eftir harða baráttu í efstu deild. Kvennalið félagsins í handbolta sigldi lygnan sjó í næst efstu deild. Bæði meistaraflokkur kvenna og karla eru um þessar mundir í harðri baráttu um laust sæti í efstu deild næsta vetur. Yngri flokkar handboltans eru á finum stað, öflugt starf unnið og árangur góður innan valla sem utan. Starf fimleikadeildar, sem er stærsta deild félagsins, hefur gengið vel og tók félagið í notkun nýtt fimleikahús um vorið 2019 sem gjörbreytir allri aðstöðu félagsins. Nanna Guðmundsdóttir og Laufey Birna Jóhannsdóttir voru valdar í landslið fyrir Norðurlanda- og Evrópumót. Mikil fjölgun iðkenda hefur orðið hjá fimleikadeildinni og eru þeir nú orðnir fleiri en 600 talsins og komast færra að en vilja.

Knattspyrnumaðurinn Pétur Theodór Árnason varð fyrir valinu sem íþróttamaður Gróttu árið 2019 og fimleikakonan Nanna Guðmundsdóttir var valin íþróttakona Gróttu en kjörið fór fram í byrjun árs 2019. Íþróttamaður æskunnar var valinn úr hópi ungra og efnilegra íþróttamanna félagsins og var það knattspyrnumaðurinn Orri Steinn Óskarsson sem fékk þá viðurkenningu.



Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar (GKG)

Aðalfundur var haldinn: 28. nóvember 2019

Stjórn GKG 2019:

Guðmundur Oddsson, formaður
Þorgerður Jóhannsdóttir, varaformaður
Sigurður Kristinn Egilsson, meðstjórnandi
Gunnar Jónsson, meðstjórnandi
Ingibjörg Ólafsdóttir, meðstjórnandi
Jón K. Baldursson, meðstjórnandi
Ragnheiður Stephensen, meðstjórnandi
Sigmundur Einar Músson, meðstjórnandi
Einar Gunnar Guðmundsson, meðstjórnandi

Markvert úr starfi félagsins 2019

Meistaramót GKG var haldið í 26. sinn í sumar og urðu þau Anna Júlía Ólafsdóttir og Ragnar Már Garðarsson klúbbmeistarar. Árangur GKG í landsmótum var glæsilegur og náðust 7 Íslandsmeistaratitlar, sem er með því besta í sögu klúbbsins. En hæst ber tvöfaldur sigur sveita okkar í Íslandsmóti golfklúbba karla og kvenna. Með þessum sigrum fengum við þátttökurétt í Evrópumótum klúbblaða karla og kvenna og stóð okkar fólk sig frábærlega. Karlasveitin hafnaði í 2. sæti sem jafnar besta árangur íslensks liðs í keppninni. Kvennasveitin hafnaði í 7. sæti og sigraði Hulda Clara í einstaklingskeppninni, fyrst íslenskra kvenna til að afreka það. Karlasveitin var valið lið ársins á íþróttahátíðum Garðabæjar og Kópavogs. Með tilkomu golfhermannanna aukast mjög tækifæri til æfinga allt árið. GKG hefur í gegnum árin verið með öflugasta unglingastarfið á landinu og við erum staðráðin í að halda þeirri stöðu áfram. Í sumar voru tæplega 300 börn á leikjanámskeiðum hjá okkur sem er heldur minna en undanfarin ár. Framboðið var minna en markmiðið var að auka gæði námskeiðanna. Við fundum mikinn mun á ánægju iðkenda og foreldra og hafa aldrei jafn mörg börn haldið áfram og byrjað í kjölfarið að æfa hjá okkur á sumaræfingum en 250 börn og unglingar sóttu félagsæfingar. Heildarrekstrartekjur á starfsárinu 2019 numu 294 m.kr., þar af voru félagsgjöld 152 m.kr. Heildarrekstrarútgjöld námu 258 m.kr. og því var EBITDA hagnaður klúbbsins 36 m.kr. sem er 8 milljónum króna meiri hagnaður en 2018. Afskriftir voru rúmar 17 m.kr. og fjármagnsliðir voru tæpar 18 m.kr. og því er rekstrarhagnaður klúbbsins tæp milljón. Það er vissu áhyggjuefni að félögum í klúbbum fækkaði á árinu. Félagsgjöldin eru mikilvægasti tekjuliðurinn eða 52% af rekstrartekjunum.

Gott sumar leiddi af sér að töluverð aukning varð á öðrum tekjum eins og vallargjöldum, leigu golfbíla o.fl. Jafnframt eru aðrar tekjur farnar að styrkja rekstur klúbbsins og vegur þar þyngst útleiga á golfhermunum. Vellirnir okkar voru frábærir í sumar og hafa fengið gott umtal meðal þeirra gesta sem heimsóttu okkur. Það er síðan farið að skila okkur fleiri umsóknum í klúbbin, því förum við bjartsýn inn í nýtt rekstrarár. Þegar allt er metið sést þróttmikið starf innan félagsins. Þar hjálpast að almennir félagar og stór hópur sjálfbóðaliða í þeirra röðum, hæfileikaríkt íþróttafólk og dugmikið starfsfólk. Fyrir það viljum við þakka.



Ísbjörninn

Stjórn félagsins:

Formaður: Hafþór Karlsson
Varaformaður og framkvæmdarstjóri: Denis Grbic
Gjaldkeri og ritari: Sigurður Rúnar Birgisson
Fjölmiðlafulltrúi: Gunnlaugur Óskar Geirsson
Þjálfari: Jón Einarsson.

Aðalfundur Ísbjarnarins var haldinn á laugardegi 9. febrúar 2019. Á honum voru rædd hefðbúin mál, ásamt því að kjósa í stjórn.

Engar breytingar urðu á stjórn félagsins, fyrir utan það að liðið réð til sín nýjan þjálfara fyrir komandi tímabil, og heitir hann Jón Einarsson.

Árshátíð félagsins var haldin 13. september á Hótel Sögu þar sem boðið var uppá veitingar og skemmtiatriði.

Verðlaun voru veitt fyrir góða frammistöðu svo fátt eitt sé nefnt en félagsmenn kusu vinningshafa.

Ísbjörninn tók þátt í eftirtöldum mótum á síðasta ári:

Bikarkeppni KSÍ, Íslandsmót í knattspyrnu í 4. deild karla og Íslandsmótinu í Futsal.

Ísbjörninn bæti stigamet félagsins síðastliðið sumar í riðlakeppni í 4. deild og fór alla leið í úrslit á Íslandsmótinu í Futsal snemma á þessu ári, þar sem liðið tapaði úrslitaleiknum á móti Víking Ólafsvík í Laugardalshöllinni. Þetta eru stærstu afrek liðsins frá stofnun þess.

Kveðja, Knattspyrnufélagið Ísbjörninn



Íþróttafélag aldraðra í Kópavogi.

Aðalfundur íþróttafélagsins var haldinn í Digraneskirkju 2. apríl 2019

Stjórnin var endurkosin:

Formaður : Hörður Þorleifsson

Gjaldkeri: Margrét Loftsdóttir

Ritari: Ragna Guðvarðardóttir

Endurskoðandi reikninga: Guðrún Guðnadóttir

Meðstjórnendur: Sæunn Þorleifsdóttir og Vigdís Jack.

Íþróttafélagið starfaði með sama sniði og undanfarin ár í Digraneskirkju. Mánaðargjaldið er óbreytt, 1500 krónur. Leikfímistímarnir eru þriðjudaga og fimmtudanga kl. 11 í sal jarðhæðar kirkjunnar. Tíminn er um 40 mínútur. Í tímum er mikil áhersla lögð á upphitun, vöðvapjálfun og teygjur. Að tíma loknum á þriðjudögum geta þeir sem vilja farið í matsal kirkjunnar, nærst og tekið þátt í kirkjustarfi aldraðra í Kópavogi.

Leikfímistími ársins byrjaði þriðjudaginn 8. janúar og vorönn lauk fimmtudaginn 16. maí. Aftur byrjaði leikfímín 5. september og lauk 17. desember. Fyrrihluta ársins voru 36 leikfímistímar og seinni hluta ársins voru þeir 29 tímar, alls 65 tímar. Meðalmæting var 26 en flestir sem mættu í einu voru 39. Minni mæting var af vondu veðri, veikindum og sólalandaferðum.

Fannar Karvel Steindórsson íþróttfræðingur hefur stjórnað leikfímínni nú í 9. ár, og Margrét Grétarsdóttir var með okkur í 7 tíma og Melkorka Hafliðadóttir kom 2 síðustu tíma ársins að þjálfva okkur.

Félagsmenn eru skráðir 96 en 14 hafa ekki komið á árinu.

Meðalaldur félaganna er 82 ára. Tveir létust á árinu. Nýjrir félagar eru 6. Fórum með kirklustarfinu um Borgarfjörð 15. maí og svo í hautferð okkar að Skógum og skoðuðum Skógasafnið.



Afturelding

Hátíðarfundur á 110 ára afmæli Aftureldingar fór fram 11. apríl 2019 í Hlégarði.

Aðalstjórn félagsins 2019 – 2020:

Birna Kristín Jónsdóttir, formaður

Kristrún Kristjánsdóttir, varaformaður

Sigurður Rúnar Magnússon, gjaldkeri

Þórdís Sveinsdóttir, ritari

Geirarður Long, meðstjórnandi

Gunnar Skúli Guðjónsson, varamaður

Erla Edvardsdóttir, varamaður

Helsu viðburðir úr starfi félagsins 2019:

Hátíðarfundur var haldinn á 110 ára afmælisdaginn 11. Apríl þar sem meðal annars Menntamálaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir heiðraði okkur með nærveru sinni og flutti kveðju. Þetta voru líka tímamót þar sem allar deildir félagsins hafa hlotið viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Þennan sama dag var afhjúpað merki félagsins við innkeyrsluna að Varmá sem Þorabrútsnefndin gaf við hátíðlega athöfn. Afmælisárið okkar var viðburðarríkt í félaginu og frábær árangur náðist í hinum ýmsu íþróttagreinum. Íþróttamaður ársins 2019 var kjörinn Þórir Jökull Henrysson karate og íþróttakona ársins var kjörin handboltakonan Þóra María Sigurjónsdóttir.

Stöðugur vöxtur er í félaginu og fjölgun iðkenda er 96 milli ára eða 6,9 %. Á bak við þennan fjölda eru rúmlega 1.300 kennitölur sem er fjölgun um rúmar 60 kennitölur milli ára. Þar af eru 163 iðkendur sem æfa með tveimur deildum og 4 iðkendur sem æfa með þremur deildum. Hlutfall fjölgreina iðkenda hækkar úr 10,75% í 12,77%. Knattspyrnudeildin er sem áður fjölmennasta deildin með 574 iðkendur (38,8%) en Fimleikar og Handbolti fylgja á eftir með 284 og 243 iðkendur, hér erum við að tala um iðkendur á aldrinum 4 – 19 ára.

Afturelding býður uppá frábært starf í 11 greinum og hefur nú rafíþróttar-

deild sótt um inngöngu. Við erum með meistaraflokka í efstu deildum í handbolta og blaki en meistaraflokkar okkar í knattspyrnu spila báðir í næst efstu deild. Það er mikill hugur í okkur í Aftureldingu og á haustmánuðum var tekið í notkun nýtt fjölnota knattús sem á eftir að bæta aðstöðu þeirra greina sem þar æfa mjög mikið.

Við eigum töluvert mikið af iðkendum í landsliðsverkefnum sem við erum skiljanlega mjög stolt af.

Starfsdagur þjálfara og sjálfbóðaliða hefur fest sig í sessi þar sem við fáum áhugaverð fagleg erindi og þéttum raðirnar, markmið starfsdags er fyrst að fræða þjálfara og auka félagsleg tengsl milli deilda enda ekki á hverjum degi sem þessum mannaði gefst tækifæri til að hittast öll á sama stað á sama tíma af því að þó að við séum 11 deildir þá erum við öll Afturelding.

Við í Aftureldingu erum verulega bjartsýn á framtíðina.



Augnablik

Eftirfarandi sitja í stjórn:

Sigmar Ingi Sigurðarson formaður

Hafþór Haukur Steinþórsson varaformaður

Ari Steinn Skarphéðinsson Gjaldkeri

Hrafnkell Freyr Ágústsson Ritari

Arnór Brynjarsson Meðstjórnandi

Markmið félagsins er að styðja við uppeldisstarf Breiðabliks með því að gefa ungum og efnilegum leikmönnum tækifæri til þess að spila í meistaraflokki auk þess að taka við leikmönnum sem ekki komast að í meistaraflokkum Breiðabliks. Félagið er rekið með styrkjum frá Kópavogsbæ, fyrirtækjum ásamt því að leikmenn og sjálfbóðaliðar félagsins taka að sér vinnu fyrir Breiðablik í fjáröflunarskyni.

Félagið sendi lið til keppni í 1. deild kvenna og 3. deild karla árið 2019. Kvennalið Augnabliks var á sínu fyrsta tímabili í 1. Deild eftir að hafa sigrað 2. deild árið 2018. Vilhjálmur Kári Haraldsson tók við þjálfun liðsins eftir að Ásmundur Arnarson lét af störfum. Augnablik endaði í 6. Sæti 1. Deildar með 20 stig sem verður að teljast frábær árangur á fyrsta ári í deildinni. Augnablik fell út í 16 liða úrslitum Mjólkurbikarsins. Karlalið Augnabliks lék í 3. deild annað árið í röð. Jökull I. Elísabetarson var þjálfari liðsins á sínu þriðja tímabili. Stigasófnun liðsins gekk illa framan af sumri og var liðið í fallsæti þegar þremur umferðum var ólokið.

Liðið sigraði síðustu þrjá leiki sína og endaði í 9. sæti og leikur því áfram í 3. deild árið 2020. Liðið komst í 32 liða úrslit Mjólkurbikarsins þar sem liðið fell út gegn sterku Úrvalsdeildarliði ÍA.

Fyrir hönd Augnabliks
Sigmar Ingi Sigurðarson Formaður



Golfklúbbur Mosfellsbæjar Rekstrarárið 2018-2019

Ágætu félagsmenn
Í skýrslu stjórnar á síðasta ári fór ég yfir aðdraganda að uppbyggingu á Hlíðarvelli og rakti þar samskipti sem stjórn GM hefur átt við Mosfellsbæ. Það má segja að frá því að ég gerðist formaður GM í desember

2016 þá hefur stærsti partur af vinnu stjórnar farið í að endurskipuleggja fjármál klúbbsins og leita að varanlegri lausn til framtíðar. Það er því mikið gleðiefni að náðst hefur þríhliða samningur milli GM, Mosfellsbæjar og Landsbankans.

Rekstur - starfsmenn

Vegna þeirrar þröngu stöðu og tapi á rekstri sem GM hefur verið að glíma við undanfarin misseri höfum við þurft að grípa til aðgerða til að skera niður kostnað og einfalda rekstrarform klúbbsins. Uppsagnir er eitthvað sem ekki er farið í nema að vandlega skoðuðu máli og engar aðrar leiðir eru færar. Stjórn GM gerði sér vonir um að rekstur á Blik Bistro væri það vænlegur kostur að vert væri að sjá um þann rekstur sjálf. Það reyndist ekki raunin og varð úr að við útvistuðum þeim rekstri til aðila með kunnáttu hafa á slíkum rekstri. Við teljum okkur hafa náð hagstæðum samningum við mjög hæfa rekstraraðila sem hafa metnað til að halda uppi merkjum GM og Blik Bistro. Nýir rekstraraðilar hafa ráðið nær alla af þeim sem voru starfsmenn GM og er það mikið ánægjuefni.

Gunnar Ingi Björnsson sem verið hefur framkvæmdarstjóri GM frá sam-
einingu sagði starfi sínu lausu í lok sumars. Gunnar bar hita og þunga á uppbyggingu Kletts. Við þökkum Gunnari Inga fyrir vel unnin störf fyrir GM.

Vallarsvæðið - spilaðir hringir - félagstarfið

Mikill munur var á vallarsvæðum GM núna miðað við árið áður. Á síðasta ári vorum við að glíma við blautasta sumar í manna minnum en í ár vorum við ef til vill að glíma við þurrasta tíma í manna minnum. Það er annað hvort í ökkla eða eyra. Í aðstæðum eins og í sumar þurftu vallarstarfsmenn að leggja mikla vinnu í að vökva völinn og kom þá berlega í ljós hvað það er bagalegt ástandið hjá okkur í vökvunarmálum. Það er mikilvægt verkefni fyrir klúbbinn að koma upp vökvunarbúnaði á vallarsvæðum GM í framtíð.

Æfingaraðstaðan úti er mjög langt komin og verður hafist handan næsta vor eða um leið og veður leyfir að klára allan frágang í kring um æfinga-
flatir og Driving range.

Einnig hefur undirbúningur hafist fyrir nýjum hvítum teig á 6. holu. Sem verður kláraður næsta vor. Sama á við um hvíta teiginn á 16. holu sem verður í sama verk plani.

Á því svæði þar sem klúbbhús okkar og æfingasvæði var áður er bærinn búinn að skipuleggja nýja byggð og er með þar í sölu íbúðalóðir. Það kallar á breytingar á völinum vegna nálægðar við byggðina. M.a. verður gerð ný flöt á 4. braut sem mun færast aðeins í norður að 8. teig. 8. Teigur verður svo færður nær sjó. Með þessu móti erum við að færa leik á 4. holu vestar og austar. Bærinn mun greiða fyrir þessar breytingar og verður byrjað á framkvæmdum á næsta ári.

Félagsmönnum GM fjölgaði úr 1156 í 1224 eða rétt tæp 6%
Hausttilboð hefur skila inn 93 nýliðum fyrir þetta rekstrarár.

Töluverð aukning var á spiluðum hringjum milli ára. 58% aukning í Bakkakoti og 20% aukning á Hlíðarvelli. Hafa ber þó í huga að í fyrra var 31% minna spil milli ára í Bakkakoti og 5% á Hlíðarvelli. En aukningin í ár vegur vel upp fækkunina í fyrra. Tíðarfar hefur að sjálfsögðu áhrif á þessar tölur en ég trúi því að sú ófluga uppbygging sem hefur verið unnið að hjá klúbbnum sé að skila sér og sem fjölgun félagsmanna ber glöggvitni um.

Félagstarfið var öflugt hjá okkur eins og undanfarin ár og var þátttaka í mótum GM mjög góð.

Afreksstarf

Afrekskyllingar GM náðu margir hverjir frábærum árangri í sumar. GM átti keppendur í öllum mótariðum á vegum GSÍ. Kristófer Karl Karlsson og Nína Björk Geirsdóttir voru valdir kyllingar ársins á árshátíð GM núna í nóvember.

Íslandsbankamótaröð unglinga

Á Íslandsbankamótaröðinni unnu kyllingar úr GM marga sigra. Eftirtaldir aðilar frá GM unnu til verðlauna á Íslandsbankamótaröðinni 2019.

Íslandsbankamótaröðin 1 – Golfklúbburinn Leynir

Kristófer Karl Karlsson – 1. sæti í flokki 17-18 ára
Sverrir Haraldsson – 1. sæti í flokki 19-21 árs
Kristín Sól Guðmundsdóttir – 2. sæti í flokki 17-18 ára
María Eir Guðjónsdóttir – 2. sæti í flokki 15-16 ára
Katrín Sól Davíðsdóttir – 3. sæti í flokki 15-16 ára

Sara Kristinsdóttir – 3. sæti í flokki 14 ára og yngri
Íslandsbankamótaröðin 2 – Golfklúbbur Hellu
Sverrir Haraldsson – 1. sæti í flokki 19-21 árs
Ragnar Már Ríkarðsson – 3. sæti í flokki 19-21 árs

Íslandsbankamótaröðin 3 – Íslandsmót í holukeppni, Golfklúbbur Grindavíkur

Sverrir Haraldsson – 1. sæti í flokki 19-21 árs
Kristófer Karl Karlsson – 1. sæti í flokki 17-18 ára
Ingi Þór Ólafson – 3. sæti í flokki 17-18 ára
Katrín Sól Davíðsdóttir – 3. sæti í flokki 15-16 ára

Íslandsbankamótaröðin 4 – Golfklúbbur Akureyrar

Kristín Sól Guðmundsdóttir – 2. sæti í flokki 17-18 ára
María Eir Guðjónsdóttir – 2. sæti í flokki 15-16 ára
Sara Kristinsdóttir – 3. sæti í flokki 14 ára og yngri

Íslandsbankamótaröðin 5 – Íslandsmót í höggleik, Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar

Sverrir Haraldsson – 2. sæti í flokki 19-21 árs
María Eir Guðjónsdóttir – 2. sæti í flokki 15-16 ára

Íslandsmót golfklúbba

GM sendi 5 sveitir í keppni í Íslandsmót golfklúbba. Allar sveitir stóðu sig með stakri þryði. A sveit GM í flokki 17-18 ára urðu Íslandsmeistarar golfklúbba eftir æsispennandi úrslitaleik við GR. Sigursveit GM skipuðu Andri Már Guðmundsson, Aron Ingi Hákonarson, Ingi Þór Ólafson og Kristófer Karl Karlsson. Davíð Gunnlaugsson var liðsstjóri og þjálfari. Í meistaraflokki léku keppnissveitir GM báðar í efstu deild. Báðar sveitir léku til undanúrslita gegn GKG. Viðureignirnar voru báðar æsispennandi en því miður enduðu báðir leikir með sigri GKG. Að lokum hafnaði GM í 4. sæti í báðum flokkum.

„Mótaröð þeirra bestu“

Á mótaröð þeirra bestu léku 13 kyllingar frá GM í karlaflokki og 3 kyllingar í kvennaflokki. Eftirfarandi kyllingar náðu verðlaunasæti á „Mótaröð þeirra bestu“

Egils Gull mótið – Golfklúbbur Þorlákshafnar
Ragnar Már Ríkarðsson – 2. sæti

Síma mótið – Golfklúbbur Mosfellsbæjar

Kristófer Karl Karlsson – 3. sæti
Íslandsmótið í höggleik – Golfklúbbur Reykjavíkur
Nína Björk Geirsdóttir – 3. sæti
Nína Björk Geirsdóttir – Íslandsmeistari 35+

Landsliðsverkefni

Kristófer Karl Karlsson keppti fyrir landslið Íslands í Evrópumóti pílta 18 ára og yngri sem fram fór í Frakklandi. Davíð Gunnlaugsson fór með liðinu sem þjálfari.

Núna í desember var landslið Íslands fyrir árið 2020 valið og voru eftirfarandi kyllingar frá GM valdir í hópinn:

Björn Óskar Guðjónsson, Katrín Sól Davíðsdóttir,

Kristín Sól Guðmundsdóttir, Kristófer Karl Karlsson, Ingi Þór Ólafson, María Eir Guðjónsdóttir, Ragnar Már Ríkarðsson, Sverrir Haraldsson. Af allri þessari upptalningu má öllum vera ljóst að við hjá GM eigum mjög öfluga kylfinga sem við erum stolt af.

Starfsemi stjórnar og nefnda

Stjórn GM fundaði 19 sinnum á rekstrarárinu og hafa fundir stjórnar aldrei verið jafn margir á stöku rekstrarári. Þá eru ótaldir fjöldi funda með öðrum aðilum sem tengjast umfangi þeirra vinnu sem stjórn GM hefur unnið að síðustu misserin.

Helstu nefndir störfuðu með hefðbundnum hætti á rekstrarárinu og er það sjálfbodaðastar mikilvægt fyrir okkar starfsemi. Án fórnúsra félagsmanna sem lagt hafa klúbbum lið væri þetta ekki gerlegt.

Ég vil því nota tækifærið og þakka öllum sjálfbodaðliðum, hvort sem er í nefndum eða í stökum verkefnum kærlega fyrir sitt framlag. Þá vil ég þakka starfsmönnum fyrir gott starf og ánægjulegt samstarf. Einnig þakka ég allri stjórn GM fyrir þeirra vinnu og ánægjulegt samstarf.

Framundan eru bjartir tímar og uppbygging hjá GM. Við munum halda Íslandsmót á Hlíðarvelli næsta sumar og verður spennandi að takast á við þá áskorun í fyrsta sinn. Við þurfum öll að taka höndum saman og leggja okkar af mörkum til að gera veg GM sem mestan, hjálpumst að, margar hendur vinna létt verk.



Golfklúbbur Ness- Nesklúbburinn

Aðalfundur Golfklúbbs Ness - Nesklúbbsins var haldinn fimmtudaginn 28. nóvember. Rétt um 60 félagar sátu fundinn. Lögð var fram skýrsla stjórnar sem og reikningar sem voru samþykktir samhljóða.

Ein breyting varð á stjórn klúbbsins. Þurður Halldórsdóttir gaf ekki kost á sér til endurkjörs og kom Þorsteinn Guðjónsson inn stjórn í hennar stað.

Allir aðrir stjórnarmeðlimir frá fyrra starfsári buðu sig aftur fram og sitja nú fyrir árið 2020 í stjórn:

Formaður: Kristinn Ólafsson

Árni Vilhjálmsson, Áslaug Einarsdóttir, Guðrún Valdimarsdóttir

Jóhann Karl Þórisson, Stefán Örn Stefánsson, Þorsteinn Guðjónsson

Framkvæmdastjóri er Haukur Óskarsson

Veðursældasumarið 2019 verður lengi í minnum haft á Nesinu.

Eftir rigningasumarið mikla 2018 var blásið til sóknar hjá veðurguðum landsins sem færðu kylfingum sem og öðrum hvern góðviðrisdaginn á fætur öðrum. Það hjálpaði svo sannarlega Nesvöllum til að skarta sínu fegursta í sumar. Ekki var mikið um framkvæmdir á völlum sjálfum og fengu félagsmenn og gestir því að njóta hans og umhverfisins við bestu mögulegu aðstæður. Sjaldan eða aldrei hefur umferð um völlum verið jafn mikil og var félagslífið því samhljóða ákaflega fjölbreytt.

Eins og undanfarin ár voru haldin um þrjátíu golfmót af öllum stærðum og gerðum, þar af fimm opin mót. Kvennastarfi klúbbsins heldur áfram að blómstra og setja konurnar mikinn svip á starfseminna með fjölbreyttum viðburðum og frábærri þátttöku. Eins og undanfarin ár var unglingastarfi á höndum Nökkva Gunnarssonar golfkennara og Steins Baugs Gunnarssonar leiðbeinanda.

Inniaðstaða Nesklúbbsins er staðsett á Eiðistorgi og yfir vetrarmánuðina færast starfsemin þangað að mestu fyrir golfkennslu og allar almennar æfingar félagsmanna ásamt golfhermum til útleigu. Aðstaðan er mjög vel nýtt flesta daga vikunnar og hefur verið mikil búbót í allri starfsemi klúbbsins.

Meistaramót klúbbsins var haldið dagana 29. júní – 6. júlí og voru yfir tvö hundruð félagsmenn skráðir til leiks í fjórtán flokkum, ýmist tengt forgjöf eða aldri. Klúbbmeistari kvenna 2019 er Karlotta Einarsdóttir og klúbbmeistari karla er Nökkvi Gunnarsson.

Einvígið á Nesinu, „shoot-out“ góðgerðarmótið var að venju haldið á frídeggi verslunarmanna, núna mánudaginn 5. ágúst. Mótið sem nú var haldið í tuttugasta og þriðja skipti var sem fyrr styrktarmót þar sem tíu af bestu kylfingum landsins er boðin þátttaka og spiluðu í ár í þágu Barnaspítala Hríngsins. Fjöldi áhorfenda leggur ávallt leið sína á Nesvöllin á þessu móti og eins og áður var mótið tekið upp og síðar sjónvarpað á sjónvarpsstöð Símans.

Félagar í Golfklúbbi Ness eru núna 800 talsins og er biðlisti í klúbbinn sem á eru nú um 500 manns



Golfklúbburinn Odds

Aðalfundur Golfklúbbs Odds var haldinn 3. desember 2019. Í stjórn Odds starfsárið 2018-2019 sátu: Elín Hrönn Ólafsdóttir: formaður, Einar Geir Jónsson, Berglind Rut Hilmarisdóttir, Halla Hallgrímsdóttir, Kári Sölmundarson, Auðunn Örn Gylfason. Kári Sölmundarson tók svo við sem formaður undir lok starfsársins þegar Elín þurfti að vikja frá stjórnarstörfum sökum anna í vinnu og námi.

Urriðavöllur var frábær síðastliðið sumar og veðrið var verulega gott þannig að elstu menn muna vart eftir annarri eins sumarblíðu. Golfsumarið hófst óvenju snemma, en völluminn opnaði formlega 4. maí og það var nánast þannig að allt fram að lokun þann 21. október að greina mátti líf og fjör á svæðinu, allir vildu sækja í golf og golfþróttin blómstraði um allt land.



Félagsstarfið í GO sem borið er uppi af félagsmönnum, áhuga og framlagi þeirra til starfsins og þátttöku í hinum ýmsu viðburðum var öflugt í sum-ar. Öflugt félagsstarf er mikilvægt fyrir klúbb eins og okkar og eykur það ánægju félagsmanna við ástundun íþróttarinnar og andinn í starfinu verður skemmtilegri og ánægjan skilar sér margfalt til baka. Eins og staðan er hjá okkur í dag markast starfsemi okkar og félagsstarf af þeirri aðstöðu sem við höfum upp á að bjóða og þar stöndum við einstaklega vel að vígi með frábæran golfvöll, flottan æfingavöll og góða æfingaaðstöðu sem nýtist okkur vel þegar félagsstarfið er í hámarki yfir sumartímann. Sú krafa að halda úti góðu starfi yfir vetrartímabilið verður alltaf háværari og þar stöndum við höllum fæti í samanburði við okkar nággranna. Þau markmið okkar að vilja bæta hér aðstöðuna eins og við höfum kynnt okkar félagsmönnum bæði með draumsýn um stærri skála og vinnu nefnda í þá veru, sýna að við höfum skýra sýn til framtíðar.

Segja má að þátttaka í mótum almennt í sumar og þá um leið í félagsstarfi hafi verið með eindæmum góð. Konurnar létu sitt ekki eftir liggja í þessum efnum og fjölmenntu á viðburði kvennanefndar svo húsfyllir var á hverjum viðburðinum á fætur öðrum. Við lukum svo sumrinu með lokamótum og lokahófum eins og tíðkast hefur í septembermánuði og svo var mótaárið klárað með glæsibrag í fjölmennustu bændaflímu sögunnar og örugglega landsins þar sem við troðfylltum allar 27 golfholur vallsræðisins og kláruðum kvöldið með góðri skemmtun og góðum mat. Við vorum gífurlega ánægð á liðnu ári þegar viðhorfskönnun sem Gallup vann fyrir GSÍ var kynnt en þar mátti sjá að félagsmenn Golfklúbbs Odds eru almennt ánægðari með sinn klúbb en aðrir, hvort sem borið er saman við höfuðborgarsvæðið eða landið í heild. Það sýnir okkur að við erum á réttari leið með margt en viljum að sjálfsögðu alltaf gera betur og stefnum á það að sjálfsögðu.

Vinna að stækkun Urriðavallar heldur áfram og er enn á skipulagsstiginu. Í augnablikinu liggur boltinn hjá Umhverfisstofnun sem er að vinna að sinni álitsgerð varðandi friðun hraunsins sem fólkvangs og hvort heimild fæst til að leggja golfbrautir í landinu. Vonandi fæst úrskurður hjá þeim sem fyrst svo frekari vinna geti átt sér stað.

Okkar biða mörg spennandi verkefni á komandi golfári og við munum halda áfram að vinna að því að láta drauma okkar rætast. Við höfum trú á því að rödd okkar fari að heyrast hjá bæjarfélaginu og landeigendum og innan fárra ára verðum við komin á fullt í framkvæmdir á draumum okkar.



„Stál-úlfur“

Aðalfundur Íþróttafélagsins Stál-úlfs var haldinn laugardaginn 6. apríl 2019 í Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa:

Algirdas Slapikas – formaður,
Erikas Milleris - varaformaður,
Vytautas Lipskas - gjaldkeri,
Mindaugas Andrijauskas – ritari,
Romualdas Gecas, Antanas Mazonas
og Deividas Valatkevicius.

Á vegum félagsins 2019 var körfubolta- og futsalíð í meistaraflokki karla. Einnig sendi Stál-úlfur lið til keppni í 40+ aldursflokki fjórða árið í röð. Keppnistímabilið 2019 var tíunda starfsár Stál-úlfs.

Körfuboltalið félagsins keppti í 2. deild karla í vor og var hársbreidd frá að komast í úrslitakeppnina. Stál-úlfarnir voru með sama stigafjölda og Leiknir R, en með lakari stigamun í innbyrðis viðureignum. Æfingar liðsins fóru fram í Kárneskóla þrisvar í viku, en heimaleikir voru spilaðir í Fagralundi.

Futsal liðið félagsins tók þátt á Íslandsmótti innanhúss og endaði í 2. sæti E riðilsins og komst í úrslitakeppnina. Þar tapaði liðið 1:6 fyrir Leiknir/KB í átta liða úrslitum. Æfingar liðsins fóru fram í Digranesi tvisvar í viku.

Lið Stál-úlfs tók þátt á Íslandsmóti 40+ deildarinnar og stóðu sig vel. Töpuðu fyrir meistaraliði Vals 2:4 í undanúrslitum.

Starfsemi félagsins hefur öll verið unnin í sjálfbærliðastarfi.



Lýftingafélag Kópavogs

Síðasta ár fyrir LFK hefur verið stórt og mikið um fjölgun og frábæran árangur á mótum.

Lýftingamaður og kona ársins 2019 hjá Lýftingasambandi Íslands voru Daniel Róbertsson og Þuríður Erla Helgadóttir og eru þau bæði í LFK. Frábær árangur hjá þeim báðum. Þuríður Erla er núna í undirbúningi til að ná að komast á Ólympíuleikana 2020 og vonandi gengur það. Daniel keppti einnig á Smáþjóðaleikum á Möltu og varð stigahæðstur íslenskra keppenda. Daniel keppti einnig á Norðurlandamótinu og lenti í 3. sæti í sínum þyngdarflokki.

Þuríður Erla keppti á Evrópumeistaramótinu og lenti í 14. sæti í sínum þyngdarflokki og setti 4 ný Íslandsmet. Þuríður Erla keppti einnig á Heimsmeistaramótinu og lenti í 25. sæti í sínum þyngdarflokki. Þuríður Erla lenti í 2. sæti á Norðurlandamótinu. Eygló Fanndal Sturludóttir keppti á Norðurlandamóti unglunga og varð Norðurlandameistari í sínum þyngdarflokki.

Ásrún Arna Kristmundsdóttir keppti einnig á Norðurlandamóti unglunga og varð Norðurlandameistari í sínum þyngdarflokki. Sólveig Þórðardóttir varð Íslandsmeistari unglunga U15 og varð nú Íslandsmeistari kvenna á nýliðnu Íslandsmeistaramóti. Arnar Kári Erlendsson varð Íslandsmeistari unglunga U17.

Lýftingafélag Kópavogs lenti í 2. sæti í stigakeppni liða, það er annað árið í röð sem við erum í öðru sæti en vorum nær því að sigra.

Lýftingafélag Kópavogs varð Íslandsmeistari liða á nýliðnu Íslandsmeistaramóti í lyftingum og eignuðumst 4 Íslandsmeistarar. Lýftingafélag Kópavogs átti 4 keppendur á Reykjavíkurleikum nýliðnum eða 1/4 af keppendum.

Kraftlyftingar

LFK sendi 3 keppendur á Íslandsmeistaramótið í réttstöðulyftu. Þar má helst nefna árangur Maríu Kristbjörgu Lúðvicksdóttur sem lyfti 200 kg í réttstöðulyftu og varð 3. konan á Íslandi til að lyfta 200 kg í réttstöðulyftu en María gerði það á sínu fyrsta móti og verður það að teljast einstakur árangur.

LFK sendi 9 keppendur á æfingamótið í Kraftlyftingum og þar vann LFK alla þá flokka sem við skráðum keppendur í og er það frábær árangur. María Kristbjörg keppti á sínu fyrsta móti í öllum greinum og jafnaði þar Íslandsmet í hnébeygju og bekkpressu, og fór langt yfir met í réttstöðulyftu og í samanlögðum árangri. Hún lyfti 210 kg og er það þyngsta lyfta

sem kona hefur lyft á Íslandi, var með 470 kg í samanlögðum árangri og er mesti árangur sem kona hefur náð. Gríðarlega sterkur íþróttamaður og stefnir langt.

Krístún Sveinsdóttir keppti einnig á sínu fyrsta kraftlyftingamóti og tók lyftur yfir Íslandsmetum unglunga, Krístún æfir ólympískar lyftingar og kraftlyftingar ásamt því að vera í fullu læknisnámi.

Með bestu kveðju

Jens Andri Fylkisson

Formaður LFK



Tennissfélag Kópavogs

Árið 2019 var mjög viðburðaríkt fyrir Tennissfélag Kópavogs. Barna- og unglíngastarfið gengur mjög vel og iðkendaþjöldi sjaldan verið jafn hár. Í takt við bæði aukin iðkendaþjöldi og stækkun Tennishallarinnar sem átti sér stað á þessu ári bætti félagið við sig tveimur erlendum þjálfurum. Það eru þær Diana Ivantcheva frá Búlgaríu og Patricia Husakova frá Slóvakíu. Þær eru báðar mjög góðir tennisspilurar og búa einnig yfir gríðarlega mikilli reynslu sem þjálfarar á hæsta stigi. Jón Axel Jónsson og Milan Kosicky eru yfirþjálfarar félagsins. Aðrir þjálfarar eru Hinrik Helgason og Anna Soffía Grönholm sem er núverandi Íslandsmeistari kvenna í tennis. Rut Steinsen er formaður félagsins. Jónas Páll Björnsson er framkvæmdastjóri félagsins og Tennishallarinnar og gengur reksturinn eftir áætlunum.

Dominik Hobacher frá Slóveníu hætti að þjálfa hjá okkur í mars 2019 þar sem honum var boðið annað starf sem þjálfari í Stabæk, Noregi. Við þökkum honum fyrir gott starf.

Barna - og unglíngastarf og árangur

Vetraræfingar ganga vel og eru í yfirumsjón Jóns Axels Jónssonar, Milan Kosicky. Diana Ivantcheva og Patricia Husakova eru yfirþjálfarar á sunnudögum. Félagið var einnig með marga aðstoðarkennara og þau eru Anna Soffía Grönholm, Hinrik Helgason, Brynjar Sanne, o.fl. Góð aðsókn var að Tennis- og leikjaskólanum síðastliðið sumar eins og hefur verið reyndar síðustu ár. Hinrik Helgason og Jón Axel Jónsson voru með yfirumsjón með Tennis- og leikjaskólann ásamt Milan sem var með yfirumsjón með Tennissakademíuna og stóðu þeir sig allir mjög vel. Tennissfélag Kópavogs átti marga Íslandsmeistarar á síðasta ári eins og síðastliðinn ár. Anna Soffía Grönholm sigraði í einliðaleik kvenna á Íslandsmótinu og varð margfaldur Íslandsmeistari og var hún valin tenniskona ársins. Birkir Gunnarson varð svo Íslandsmeistari karla utanhúss. Börn og unglíngar úr TFK fóru í tvær stórar keppnisferðir erlendis á árinu. 16 manna hópur fór til Wrocław í Póllandi ásamt Jóni Axel Jónssyni yfirþjálfara. Einnig fór hópur 9 unglínga með Jóni Axel til Danmerkur í október.

Evrópumót

Tennissfélag Kópavogs hélt fjögur Evrópumót á árinu í samvinnu við Tennissambandið, TennisEurope og Tennishöllina. Tvö mót voru haldin um páskana í 14 ára og yngri og 16 ára og yngri, Easter Open. Í lok maí var einnig haldið eitt mót, Kópavogur Open fyrir 16 ára og yngri. Alls komu í Kópavoginn á milli fjögur og fimmm hundruð erlendir gestir vegna þessara móta.

Landsliðsmenn

Þrjár tenniskonur úr TFK kepptu með landsliðinu á heimsmeistaramóti kvenna í liðakeppni á þessu ári. Þær Anna Soffía Grönholm, Selma Dagmar Óskarsdóttir og Íris Staub kepptu á Fed Cup (heimsmeistaramótinu) í Helsinki, Finnlandi. Birkir Gunnarsson keppti með karlalandsliðinu í Davis Cup (heimsmeistarmótinu) í Búlgaríu.

Fullorðinsstarf

Mikil áhugi er einnig á tennisnámskeiðum fyrir fullorðna og eru t.d margir sem koma á byrjendanámskeið í tennis á sumrin. Í Tennishöllinni eru líka skipulagðir opnir tímar bæði kvennatímar og karlatímar og aðrir opnir tímar þar sem allir geta komið og kynnst öðrum spílurum á svipuðu reki og hafa þessir tímar verið vinsælir.

Mótahald

Tennissfélag Kópavogs ásamt Tennishöllinni stóð að flestum Stórmótum TSÍ sem haldin voru á mánaðarlega í Tennishöllinni.

Stækkun Tennishallarinnar

Hjá Tennisfélagi Kópavogs er verið að vinna mjög öflugt barna- og unglingastarf og til að ná þeim árangri sem metnaðurinn stendur til var nauðsynlegt að tennisvöllunum í Tennishöllinni fjölgaði. Stækkunin gekk loksins í gegn og hefur félagið nú aðgang að 5 völlum sem er gríðarlega öflugt fyrir starfseminu og gerir félaginu kleift að bæta þjálfun úrvalshópa okkar til muna.

Allir eru velkomir í tennis.

Allar upplýsingar er hægt að fá á www.tfk.is eða í síma 564 4030.



Sprettur

Milar breytingar urðu hjá Spretti sl ár en ný stjórn og framkvæmdastjóri tóku við. Formaður er Sverrir Einarsson, varaformaður Pétur Örn Sverrisson, gjaldkeri Margrét Tómasdóttir, ritari Ólafur Karl Eyjófsson og meðstjórnendur Gréta V. Guðmundsdóttir, Kristján Rikharðsson og Snorri F. Garðarsson.

Starfsemin hefur gengið vel sl ár og fjöldi viðburða hafa verið hjá okkur. Haldin voru 7 mót á vegum mótanefndar þ.e. 3 vetrarleikar, Íþróttamót Sprettis, Gæðingakeppni Sprettis og Þrigangsmót Sprettis. Áhugamanna-

deildin okkar sem er ein allra vinsælasta mótariðin er nú haldin í 6 sinn en það eru 4 mót sem keppnin inniheldur þ.e. fjörgangur, tólt, fimmgangur og slaktaumatölt ásamt skeiði. Svokallað Metamót var að venju haldið en það er eitt stærsta mót sem haldið er ár hvert. Mörg mót voru haldin fyrir börn og unglinga en þar er helst að nefna Blue Lagoon mótariðina.

Skrifað var undir samning við Landsamband Hestamanna um að Sprettur skyldi halda landsmót á félagssvæði sínu 2022 en það er gríðarlega mikið verkefni sem félagið tekur að sér með aðstoð sveitarfélaganna.

Félagsmenn í Spretti eru í dag um 1650 manns og þar með stærsta hestamannafélag á landinu.

Mjög öflugar nefndir eru starfandi í félaginu og gríðarlega mikið sjálfbæðiðastarf unnið þar. Fræðslu og æslulýðsnefnd hafa verið sérstaklega öflugar í öllu fræðslu og barna-unglingastarfi. Mikið er um námskeið hjá félaginu og eru reiðhallirnar hjá okkur þétt setnar á hverjum degi og dugir varla til stundum.

Við leggjum mikið uppúr því að efla æskulýðsstarfið hjá okkur og einnig að taka vel til hendinni við að laga félagssvæðið okkar en það getur orðið með því allra besta hér á landi.

Kv. Sverrir Einarsson



Tennissfélag Garðabæjar

Aðalfundur var haldinn í Garðabæ, 10. apríl 2019

Stjórn félagsins:

Eypór Rafn Þórhallsson,
Dávid Ármann Eypórsson,
Luigi Bartolozzi

TFG var stofnað þann 4. desember 2008 og stunda félagsmenn æfingar í Tennishöllinni að Dalsmára, Kópavogi, í samstarfi við Tennissfélag Kópavogs (TFK) og Badmintonfélag Hafnarfjarðar (BH). Jafnframt hefur félagið boðið upp á mini Tennis æfingar fyrir yngstu aldurflokkana í Ásgarði og í Mýrinni í Garðabæ.

Tennissfélag Garðabæjar hefur haft tryggan aðgang að aðstöðu til tennisiðkunar fyrir félagsmenn sína í Tennishöllinni að Dalsmára. Húsnæðið var stækkað á árinu 2019 um tvo tennisvelli, aukinni félagsaðstöðu og byggðir voru Padel vellir. Padel tennis er ný íþróttagrein hér á landi og hefur þegar notið mikilla vinsælda í starfseminni. Tennisfélaginn hafa þar m.a. staðið fyrir mánaðarlegum tennismótum og vikulegum áskorendakeppnum fyrir efnilegustu og lengst komnu börn og unglinga. En með þessu samstarfi við önnur tennisfélög er hægt að bjóða upp á æfingar fyrir alla aldurshópa, á ólíku getustigi.

Tennissfélag Garðabæjar hefur boðið upp á skólatennisnámskeið fyrir börn sem haldið er á frístundardvalartíma. Slíkt fyrirkomulag hentar mjög vel bæði fyrir foreldra og iðkendur.

Í skólatennis er farið yfir öll undirstöðuatriði íþróttarinnar með hjálp mjúk tennisbolta ásamt uppsettum netum. Félagið útvegar bolta og spaða handa krökkunum en þau sem skrá sig fá jafnframt sinn eigin spaða, sem þau geta notað við tennisæfingar í framtíðinni. Verkefnið hefur fengið frábærar viðtökur og eru foreldrar almennt ánægðir með þessa þjónustu fyrir börnin til að taka fyrstu skrefin í tennis. Börnunum stendur til boða í framhaldinu að skrá sig í áframhaldandi æfingar í Tennishöllinni.



HK

Aðalfundur félagsins fór fram 27. mars 2019.

Stjórn HK:

Sigurjón Sigurðsson formaður
Ragnheiður Kolviðsdóttir varaformaður
Einar Tómasson ritari
Unnar Hermannsson gjaldkeri
Hólmfríður Kristjánsdóttir umboðsmaður yngri félaga og aðstandenda
Alexander Arnarsson varamaður í stjórn
Ásdís Kristjánsdóttir varamaður í stjórn

Helstu viðburðir úr starfi félagsins árið 2019.

HK hélt fyrsta Kópavogsblótið inni í Kórnum á janúar. Það heppnaðist með eindæmum vel og þar komu saman 1.500 manns og skemmtu sér

konunglega. Félagið hélt stór mót í Kórnum á árinu, þ.a.m. TVG-Zimsen kvennamót fyrir yngri flokka í knattspyrnu, Krónamót fyrir 5.-8. flokk karla og kvenna og Ákamótið í handbolta fyrir 6. flokk karla og kvenna. Íþróttahátið HK var haldin hátíðleg í desember á árinu. Þar voru krýndir íþróttakona og íþróttamaður HK. Ásgeir Börkur Ásgeirsson leikmaður meistaraflokks karla í knattspyrnu var valinn íþróttamaður HK 2019 og Berglind Þorsteinsdóttir leikmaður meistaraflokks kvenna í handbolta var valinn íþróttakona HK 2019. Einnig voru einstaklingar og flokkar verðlaunaðir fyrir góðan árangur á árinu. Mikil ánægja hefur verið með þetta fyrirkomulag.

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu hélt sæti sínu í efstu deild eftir að hafa endað í 9. sæti í Pepsi Max deildinni. Þetta var fyrsta ár HK í efstu deild í knattspyrnu frá 2008. HK og Víkingur hættu samstarfi í meistaraflokki kvenna í lok tímabils. HK mun því tefla fram meistaraflokki kvenna á árinu 2020. Þær munu byrja í 2. deildinni.

Meistaraflokkur karla í handbolta tryggði sér líka sæti í efstu deild eftir að hafa borið 3-2 sigur á Víkingum í umspilsleikjum um sæti í Ólisdeildinni. Meistaraflokkur kvenna í handbolta hélt sæti sínu í efstu deild með sigri á Fylki 3-1 í umspili um sæti í Ólisdeildinni. Fyrirliði liðsins Sigríður Hauksdóttir var fastamaður í landsliðshóp kvenna á árinu.

Yngri flokkar blakdeildarinnar stóðu sig líka vel á árinu, 2. flokkur urðu bikarmeistarar bæði í karla og kvennaflokki. Báðir meistaraflokkar blakdeildarinnar enduðu í 2. sæti á tímabilinu. Dansparið Gylfi Már Hrafnsson og María Tinna Hauksdóttir stóð sig frábærlega á árinu. Þau unnu 9 titla, þar af meðal voru þau Íslandsmeistarar og Norðurlandameistarar. Bandydeild HK sá um framkvæmd fyrstu landsleikja Ísland í bandý hér á landi þegar landslið Íslands spilaði 2 landsleiki við Bandaríkin í Digranesi. Ísland vann báða leikina og átti HK fjölmarga fulltrúa í landsliðinu.



Íþróttafélagið Glóð

Aðalfundur Íþróttafélagsins Glóðar var haldinn 29. janúar 2020. Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2019.

Í stjórn voru kosnir:

Margrét Björnsdóttir, formaður
Þórdís G. Bjarnadóttir, gjaldkeri
Sigríður Björnsdóttir, ritari
Vilborg Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
Páll Þorsteinsson, meðstjórnandi
Varamenn:
Lovísa Jónsdóttir
Guðrún Fanney Júlíusdóttir

Vetur:

Æfingar á vetrarönn byrjuðu í janúar. Ringó var æft tvisvar sinnum í viku og boccia einu sinni í viku. Æfingar fóru fram í íþróttasal Kópavogsskóla og í Íþróttahúsinu Digranesi. Hinu formlega vetrarstarfi lauk í maí.

Sumar:

Glóð hefur til afnota þúttvöll á sumrin í Kópavogsdal. Æfingar í þútti eru tvisvar í viku, byrjað er í júní og endað í lok ágúst. Þátttaka hefur verið góð. Þetta er skemmtileg samvera félaga á fallegum stað og er völlurinn þó nokkuð notaður og á notkun hans örugglega eftir að færest í aukana.

Haust:

Æfingar á haustönn byrjuðu í september. Ringó var æft tvisvar sinnum í viku og boccia einu sinni í viku. Æfingar fóru fram í íþróttasal Kópavogsskóla og í Íþróttahúsinu Digranesi. Hinu formlega hauststarfi lauk um miðjan desember. Töluverð aukning hefur orðið á iðkendum sem æfa reglulega ringó. Starfsemin var kynnt og auglýst í félagsmiðstöðunum Gjabakka, Gullsmára og Boðanum. Einnig hefur Glóð auglýst vel starfsemi sína í bæjarblöðum Kópavogs og á facebook síðu sinni „Íþróttafélagið Glóð“. Íþróttafélagið Glóð tók á árinu þátt í ýmsum keppnum í ringói, boccia og þútti:

Ringó:

Í mars var keppt á ringómóti í Borgarnesi í boði UMSB. Það voru tvö lið frá Glóð eða 10 þátttakendur. Í maí var keppt á ringómóti á Hvolsvelli. Þar mætti Glóð með eitt lið eða 4 þátttakendur. Í nóvember var keppt á ringómóti í Fagralundi í Kópavogi í boði Íþróttafélagsins Glóðar. Það voru tvö lið frá Glóð eða 10 þátttakendur en það mættu alls um 40 þátttakendur á mótið. Ringó er að eflast til muna hjá félaginu enda er það skemmtileg íþrótt. Ringó er styrktarþjálfun sem er sérstaklega mikilvæg fyrir fólk sem tekið er að eldast til að viðhalda styrk og sjálfstæði. Sterkir fætur forða

falli. Vöðvarýrningur í neðri hluta líkamans er ein ástæða þess að jafnvægið minnkar og verður þá meiri hætta á því að detta. Því er styrktarþjálfun af þessu tagi frábær forvörn og stuðlar að farsælli öldrun.

Boccia:

Í mars hélt UMSK sitt árlega bocciamót í tvímenningi í Mosfellsbæ og tóku nokkrir þátt í því móti frá Glóð.

Þútt:

Í ágúst hélt FEBAN, félag eldri borgara á Akranesi og nágrenni, Íslands-mót 60+ og tók Glóð þátt í því.

Glóð tók þátt í landsmóti UMFÍ 50+ sem haldið var helgina 28.-30. júní í Neskaupsstað. Ekki var skipulögð ferð á vegum félagsins en það tóku nokkrir Glóðarfélagar þátt í mótinu og tvö lið kepptu í ringói á vegum Glóðar. Einnig kepptu Glóðarfélagar í nokkrum öðrum greinum.

Kópavogi 24. febrúar 2020.

Margrét Björnsdóttir,
Formaður Íþróttafélagsins Glóðar



Hnefaleikafélag Kópavogs

Stjórn Hnefaleikafélags Kópavogs skipa Rúnar Svavarsson formaður, Jafet Örn Þorsteinsson varaformaður, stjórnarnenn Einar Tryggvi Ingimundars-son og Kjartan Valur Guðmundsson.

Árið gekk mjög vel hjá félaginu og góður árangur náðist í keppnum hertendis og erlendis.

Emin Kadri Eminsson úr félaginu var valinn hnefaleikamaður ársins 2019. Tvö silfurverðlaun á Norðurlandamótinu í hnefaleikum 2019 Emin Kadri Eminsson og Jafet Örn Þorsteinsson.

Félagsmenn eru 175 og mikill gróska í barna og ungmennastarfi félagsins.



Álafoss 2019

Stjórn 2019

Formaður – Patrekur Helgason

Framkvæmdarstjóri – Patrik Elí Einarsson

Meðstjórnendur – Leifur Kristjánsson, Baldur Jónas Gunnarsson, Egill Fannar Andrésson, Arnar Leó Ólafsson og Arnar Már Kristinsson

Álafoss fór í andlitslyftingu árið 2019 þar sem nýtt logo var tilkynnt, nýir búningar og Ásgrímur Helgi Einarsson stýrði sýnu fyrsta tímabili. Miklar framfarir voru í herbúðum Álafoss og sýndi það sig inn á vellinum, félagið var í baráttu lengi vel um að komast í úrslitakeppnina í 4.deild. Stigamet fyrri ára var slegið. Þrátt fyrir að stefnan var sett á úrslitakeppnina gengum við út sáttir og stoltir eftir tímabilið og sjáum bara fram á bjarta tíma framundan.

Samstarf á milli Aftureldingar og Álafoss styrktist á árinu 2019 þar sem nokkrir ungir strákar úr 2. Flokk UMFA fengu tækifæri til að sanna sig og stíga sín fyrstu spor í meistaraflokk.

Mikilvægasta sem við tökum af árinu er það að hópurinn er þéttur og naut sín að vera lið bæði innan sem utan vallar. Allir voru reiðbúnir til að takast við átök sem voru ýmisst innan sem utan vallar og veita stuðning við bakið á hvor öðrum.

Árshátið 2019

Árshátiðin 2019 var að þessu sinni í heimahúsi þar sem Grillvagninn sá um matinn. Þar fengu leikmenn, þjálfari og stjórnarmeðlimir að gæða sér á eðal lambi og kalkún.

Selfie.is sá um að setja upp myndabox sem heppnaðist rosa vel og voru allir ánægðir.

Veitt voru verðlaun á árshátíðinni og voru þau eftirfarandi

Besti leikmaðurinn – Axel Helgi Ívarsson

Efnilegastur – Guðjón Ingi Ingólfsson

Besti liðsfélaginn – Elvar Kato

Markahæstur – Ægir Örn Snorrason

Bestu að vali leikmanna – Leifur Kristjánsson



Breiðablik

Aðalfundur Breiðabliks fór fram 2. maí í veitingasal félagsins í Smáranum.

Á þessum síðasta aðalfundi starfsársins voru eftirtaldir kosnir í aðalstjórn félagsins til eins árs:

Sveinn Gíslason, formaður
Halla Garðarsdóttir, varaformaður
Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri,
Þórólfur Heiðar Þorsteinsson, ritari,
Björgvin Gestsson, meðstjórnandi,
Steini Þorvaldsson, meðstjórnandi
Ásgeir Baldurs, meðstjórnandi.

Helstu viðburðir úr starfi félagsins 2019.

Frjálsíþróttadeild Breiðabliks setti þrjú íslandsmet á árinu.

Birna Kristín Kristjánsdóttir sló íslandsmeitið í langstökki 16-17 ára stúlkna á, Bauhaus Junioren Gala, sterku alþjóðlegu móti í Þýskalandi. Birna Stökk 6,12 metra. Irma Gunnarsdóttir bætti metið í þristökki kvenna 20-22 ára þegar hún stökk 12,42 m á Evrópubikarkeppni landsliða. Agla María Kristjánsdóttir bætti einnig met í þristökki stúlkna 16-17 ára. Hún stökk 12,24 m. á Norðurlandamóti U 20.

Hjá Hjólreiðadeild Breiðabliks var ekkert lát á árangri. Þar ber helst að nefna Ingvar Ómarsson sem kosinn var hjólreiðamaður ársins sjötta árið í röð. Ingvar varð fjórfaldur íslandsmeistari á árinu, en hann vann ólympískar og maraþon fjallahjólreiðar, tímablaug og cyclocross. Hlaupahópur Breiðabliks heldur áfram að vaxa og dafna. Utanvegahlaup verður vinsælla með hverjum deginum. Blikar sendu fjölmennan hóp í Hamingjuhlaupið á Hólmavík og Vesturgötuna á Þingeyri. Karateideild Breiðabliks kom heim með fjögur brons, eitt silfur og eitt gull frá Gautaborg Open. Afrakstur Blika á Smáþjóðaleikunum var eitt gull, tvö silfur og þrjú brons. Einnig vannst eitt brons á Norðurlandamótinu. Kraftlyftingadeild Breiðabliks vann stigabikarinn á Íslandsmótinu í rétt-

stöðulyftu. Birgit Rós setti íslandsmet í hnébeygju í klassískum kraftlyftingum, þegar hún beygði 172,5kg. Guðfinnur Snær Magnússon vann fern silfurverðlaun á EM unglinga í Plzen, Tékklandi.

Ein af stærstu fréttum Knattspyrnudeildar Breiðabliks á árinu 2019 voru þær að um miðjan maí var lokið við að setja gervigras á Kópavogsvöll. Einnig voru keypt flóðljós og vallarklukkan. Síðamótið hélt áfram að stækka. Í ár tóku rúmlega 2300 stelpur þátt sem gerir þetta að stærsta yngri flokka móti landsins. Meistaraflokkur kvenna tapaði ekki leik í öllu Íslandsmótinu en það dugði einungis til silfurs. Í Meistaradeild Evrópu náðu stelpurnar okkar frábærum árangri. Þær byrjuðu á að vinna riðilinn sinn nokkuð sannfærandi í Sarajevo, Bosnía. Í 32-liða úrslitum mættu þær sterku liði Sparta Prag og höfðu sigur, samanlagt 4-2. Í 16-liða úrslitum mættu okkar konur hins vegar ofjörlum sínum í Paris Saint-Germain, sem er eitt af bestu liðum í heiminum. Meistaraflokkur karla endaði í 2.sæti í Íslandsmótinu, datt út í undanúrslitum Bikarkeppninnar og í 1.umferð Evrópu-deildarinnar. Yngri flokkarnir héldu áfram að blómstra. Fjörum af okkar liðum var boðið á mót, ýmist til Den Haag í Hollandi, Madrid á Spáni, Dortmund í Þýskalandi og Solna í Svíþjóð. Auk þess unnust hinir ýmsu sigrar í keppnum ársins.

Körfuknattleiksdeild Breiðabliks steig stórt skref á árinu þegar ákveðið var að gera íþróttina að heilsárs íþrótt innan félagsins. Þar að segja fjölga æfingum yfir sumartímann. Meistaraflokkur kvenna spilaði í efstu deild allt árið og komst einnig í undanúrslit í Bikarkeppni KKÍ. Meistaraflokkur karla spilaði í efstu deild fyrri hluta árs. Framtíðin er svo sannarlega björt hjá deildinni en yngri flokkarnir stóðu sig með eindæmum vel. Unglingaflokkur karla og drengjaflokkurinn urðu til að mynda íslandsmeistarar.

Skákdeild Breiðabliks var sigursæl á árinu. Á Landsmótinu í skólaskák voru verðlaunasætin þrjú í eldri flokki(8.-10. bekk) öll græn og sömu sögu er að segja um efstu tvö sætin í yngri flokki(1.-7. bekk). Í júlí sigraði Vignir Vatnar Stefánsson Glorney Gilbert skákmótið sem haldið er í Dublin, Írlandi. Þar með vann hann einnig sinn fyrsta áfanga að alþjóðlegum meistaratitli, en þrjá slíka þarf til að hljóta nafnbótina. Á Norðurlandamóti grunnskólasveita(8.-10. bekk) í Svíþjóð vann sveit Hörðuvallaskóla mótið með miklum yfirburðum. Barnaskólasveit(1.-7. bekk) Hörðuvallaskóla hlaut bronsið á sama stað og tíma. Allir meðlimir sveitanna eru iðkendur Skákdeildar Breiðabliks. Á Íslandsmóti ungmenna hrepptu Blikarnir 5 af 9 titlum sem í boði voru.

Hjá Skíðadeild Breiðabliks bar það hæst að Jón Erik Sigurðsson varð íslandsmeistari í bæði svigi og stórsvigi í flokki 14-15 ára. Þá varð hann einnig bikarmeistari í sömu greinum.

Sunddeild Breiðabliks átti sjö fulltrúa sem fóru í landsliðsverkefni á árinu. Deildin vann ellefu Íslandsmeistaratitla í einstaklingsflokki í 25m laug og fimm í 50m laug. Einnig átti deildin 3 af 6 stigahæstu sundmennina á Aldursflokka-móti Íslands. Fyrir svona unga deild er þetta ótrúlegur árangur.

Árið 2019 var sérstaklega merkilegt fyrir Taekwondodeild Breiðabliks.

Deildin varð 10 ára og hlaut einnig Deildarbikar Breiðabliks. Sprenging hefur orðið í aðsókn og var stærsta beltispróf deildarinnar frá upphafi haldið í maí, þar sem 50 iðkendur þreyttu prófið. 6 af þeim tóku svart belti, aðrir tóku lægri belti.

Þríprautardeild Breiðabliks varð stigahæsta félagslið landsins með rúmlega 500 stigum meira en næsta lið í stigakeppni Þríprautarsambandsins. Jafnframt átti félagið stigahæstu einstaklingana, þau Sigurð Örn Ragnarsson og Rannveigu Guicharnaud. Deildin átti einnig þríprautarmann ársins Sigurð Örn Ragnarsson og þríprautarkonu ársins Guðlaugu Eddu Hannesdóttir.



Stjarnan

Í stjórn sitja:

Sigurður Barnason formaður
Ásta Kristjánsdóttir varaformaður
Kristján B. Thorlacius ritari
Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir m.stjórnandi
Sigríður Dís Guðjónsdóttir m.stjórnandi
Gunnar Berg Viktorsson m.stjórnandi

Á árinu 2019 hafa rúmlega 3400 virkir iðkendur tekið þátt í starfi félagsins, en starfandi eru sjö deildir, fimleika-, handbolta-, körfubolta-, fótbolta-, kraftlyftinga-, sund og almenningsíþróttadeild. Varla er heimili í Garðabæ þar sem ekki er að finna einhverskonar tengingu við Stjörnuna, hvort sem hún er í formi iðkenda, sjálfbóðaliða, styrktaraðila, velunnara eða starfsmanna. Við í Stjörnunni erum einstaklega stolt og þakklát fyrir það hlutverk sem við sinnum í samvinnu við bæjarbúa. UMF Stjarnan er meðal stærstu þjónustuaðila í nær samfélaginu í Garðabæ. Hlutverk okkar í dag er þrjúþætt; almenningsíþróttir fyrir fullorðna og uppeldisstarf í barna- og unglingastarfi sem felst fyrst og fremst í því að byggja upp sterka einstaklinga út í samfélagið sem kunna að takast á við mótlæti og sigra og svo afreksstarf í meistaraflokkum félagsins. Okkur hættir

stundum til þess að gleyma því gífurlega mikla forvarnargildi sem þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi hefur á Íslandi. Þátttakan ásamt samveru með foreldrum eru tveir stórir þættir sem hafa áhrif til góðs þegar litið er til áhættuþegðunar barna og ungmenna og þróunarinnar á undanförunum 20 árum hefur verið frábær og litið er til íslensku leiðarinnar hvaðanæva úr heiminum. Þegar litið er til afreksstarfsins þá er Stjarnan í fararbroddi í öllum deildum félagsins. Afreksfólkið eru einnig mikilvægar fyrirmyndir yngri iðkenda og þá er ótalin félagsleg samvera og skemmtanagildi fyrir íbúa samfélagsins. Samstaðan sem myndast í kringum afreksfólkið okkar er stór hluti af því sem þéttir okkur saman, við finnum fyrir því að tilheyra stærri heild sem við getum fagnað með á góðu stundunum og fundið samstöðu og stuðning frá þegar á reynir. Lýsandi dæmi um þetta er þegar meistaraflokkur karla í knattspyrnu orðu bikarmeistarar í september og allur Garðabær fagnaði, meira að segja turninn á bæjarskrifstofunum var skreyttur stjörnuháfanum. Í desember þegar árið er senn að líða undir lok, er okkur samt að setjast niður og fara yfir verkefnið sem koma upp í hugann og ómögulegt að telja þau öll upp í þessari stuttu grein en mig langar að fá tækifæri til að segja ykkur frá nokkrum af þeim áherslum og verkefnum sem við höfum verið að vinna að inni í félaginu okkar.

Bætt félagsaðstaða

Á árinu hefur verið unnið að því að bæta félagsaðstöðu UMF Stjörnunnar. Sú vinna mun halda áfram á næsta ári. Dúllubarinn eins og hann kallast eftir okkar eina sanna Sigga Dúllu, opnaði í sumar en þar er verið að búa til aðstöðu sem deildir félagsins geta nýtt fyrir viðburðahald, félagsstarf og samverustundir félagsmanna. Eins er verið að bæta fundaraðstöðu fyrir starfsemi félagsins en þrjú ólík fundarherbergi. Eins er verið að taka anddyri Stjörnuheimilisins í andlitslyftingu og til stendur að gera þar notalegt kaffihorn þar sem félagsmenn geta hist og rætt málefni liðandi stundar. Einnig má nefna að stjórnendur handknattleiksdeildarinnar hafa komið fyrir borðtennisborði, leikjatölvu og öðrum skemmtilegum tækjum í anddyri TM hallarinnar í myrinni með það að markmiði að búa til andrúmsloft þar sem iðkendur upplifa að þeir séu velkomnir að koma og vera saman með vinum sínum í tengslum við æfingar.

Aukin samvinna deilda

Undanfarin tvö ár höfum við verið að velta upp spurningunum hvernig menningu viljum við hafa í félaginu okkar?, hvernig endurspeglast gildin okkar í starfsemi okk-

ar og erum við að vinna eftir þeim í öllum deildum? Gildi UMF Stjörnunnar eru samvinna, fagmennska, gleði og árangur. Teknar hafa verið ýmsar ákvarðanir að undarförnu út frá þessum forsendum. Ein þeirra var t.d. að sameina vinnuaðstöðu starfsmanna eins og kostur er, í þeim tilgangi að auka samvinnu og samtal milli ólíkra hagsmunahópa. Hugmyndafræðin var að skapa aðstæður þar sem lærdómur og reynsla getur nýst milli ólíkra greina og við nýtum betur þann sterka og flotta mannauð sem félagið hefur að geyma. Óhætt er að segja að þessi breyting hefur haft mjög jákvæð áhrif í för með sér og hægt að fullyrða að enn betri liðsheild hefur skipast milli starfsmanna og þjálfara sem deila þessari vinnuaðstöðu.

Fjölnota íþróttahús í Vetrarmýrin

Framkvæmdir við fjölnota íþróttahús hófust á haustmánuðum. Húsið verður án vafa mikil lyftistöng fyrir alla starfsemi félagsins. Var félagið þátttakandi í þarfagreiningu og hönnun hússins á öllum stigum málsins. Lokað alútboð vegna hönnunar og byggingar á fjölnota íþróttahúsi var auglýst í byrjun janúar. Stærð íþróttahúss verður um 80 x 140 m eða um 11.200 m² auk milligólfs í hluta hússins um 1.600 m² og anddyris og annarra stoðryma um 1.200 m², samtals flatarmál um 14.000 m². Áætlið að er að húsið verði tekið í notkun á haustmánuðum 2021. Að lokum vil ég fyrir hönd aðalstjórnar UMF Stjörnunnar þakka öllu því fólki sem hefur hjálpað til við að gera starfið að veruleika, framlag þeirra og stuðningur til starfseminnar er ein af lykilforsendum þess að Stjarnan er og getur verið áfram eitt af leiðandi íþróttafélögum landsins sama hvar fæti er stigið niður í starfseminni.

Skíni Stjarnan!





UMSK

Lög Ungmennasambands Kjalarnesþings

1.gr. **Heiti og sambandssvæði**

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnesþings, skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er Garðabær, Kjósín, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær.

2.gr. **Réttur til aðildar**

Rétt til aðildar í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfrækt eru á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands, Íþrótt- og Olympiasambands Íslands og starfa jafnframt í anda þeirra.

3.gr. **Umsókn um aðild**

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á héraðsþingi.

4.gr. **Starfsskýrslur**

Aðildarfélag skulu senda starfsskýrslur með félaga- og iðkenda-tölum og tölum úr ársreikningum fyrir 1. júní ár hvert. Fyrir 1. júní ár hvert skulu félögin skila árskýrslum sínum til sambandsins með árituðum ársreikningi. Berist árskýrslur ekki fyrir tilsettan tíma er stjórn sambandsins heimilt að fresta greiðslum á hlutdeild viðkomandi aðila í tekjum Íslenskrar getspár þar til skýrslur berast.

Hvert það aðildarfélag, sem ekki hefur haldið aðalfund og sent starfsskýrslur og ársreikninga, missir atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi UMSK.

Líði annað ár án þess að félag haldi aðalfund eða geri skil á skýr-

slum, ársreikningum og gjöldum, getur ársþing UMSK tekið ákvörðun um, að félaginu skuli víkið úr samandinu. Ákveði þing að víkja félagi úr sambandinu skal tilkynna það til félagsins, ÍSÍ, UMFÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.

5.gr. **Héraðsþing**

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið fyrir lok mars ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþingi, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en 15 daga fyrirvara. Tillögur að lagabreytingum og tilkynningar framboðs til formanns og stjórnar, sem og aðrar tillögur sem leggja skal fyrir þingið, skulu berast skrifstofu UMSK eigi síðar en 20 dögum fyrir þing.

6.gr. **Hlutverk héraðsþings**

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt fjórða kafla um Dómstóla ÍSÍ í lögum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður aðildargjald félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og aðildargjaldið skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. júní ár hvert.

7.gr. **Fulltrúar á héraðsþingi**

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing skoðast lögmætt, ef löglega er til þess boðað.

8.gr. **Réttur til þingsetu**

Á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar og sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögu-rétt:

- Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
- Íþróttfulltrúi ríkisins.
- Skoðunarmenn reikninga
- Meðlimir fastanefnda.
- Starfsmenn sambandsins.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á

héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

9.gr. **Dagskrá héraðsþings**

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

- Þingsetning.
- Kosning þingforseta.
- Kosning þingritara.
- Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
- Skýrsla stjórnar lögð fram.
- Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.
- Ávörp gesta.
- Álit kjörbréfanefndar.
- Staðfesting á aðild nýrra félaga.
- Umræður um skýrslu stjórnar.
- Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
- Skipað í nefndir til starfa á þinginu, ef þörf þykir, þar á meðal uppstillingarnefnd sem starfar á milli þinga.
- Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
- Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
- Aðrar tillögur lagðar fram.
- Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
- Afgreiðsla á álit nefnda.
- Önnur mál.
- Kosningar, kjörnefnd skilar álit.
- Kosning formanns.
- Kosning tveggja stjórnarmanna.
- Kosning þriggja manna í varastjórn.
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
- Kosning til Íþróttþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttþing er haldið.
- Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða.

10.gr. **Aukaping**

Aukaping skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfall-

aður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- eða reglugerðar-breytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

11.gr. **Stjórn**

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og enn fremur tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara. Stjórninni er heimilt að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf. Stjórninni er heimilt að boða til fundar með formönnum aðildarfélaga UMSK í september eða október ár hvert.

12.gr. **Hlutverk stjórnar**

Stjórnin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórnin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

13.gr. **Lagabreytingar**

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganefndar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist skrifstofu UMSK eigi síðar en 20 dögum fyrir sambandsþing sem sendir þær sambandsaðilum til kynningar.

14.gr. **Atkvæðamagn við lagabreytingar**

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðsþingi.

15.gr. **Gildistaka**

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við staðfestingu ÍSÍ og UMFÍ, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

Samþykkt á héraðsþingi UMSK 2019

Áritun þingkjörinna skoðunarmanna

Undirritaðir, þingkjörnir skoðunarmenn Ungmennasambands Kjalarnesþings, höfum farið yfir ársreikning sambandsins fyrir fjárhagsárið 2019 og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 21. febrúar 2020.

Hafsteinn Pálsson

Kristján Sveinbjörnsson

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Tekjur	sl 1	114.406.611	106.880.206
		<u>114.406.611</u>	<u>106.880.206</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	sl 2	13.109.191	12.115.106
Kostnaður vegna mótahalds	sl 3	1.737.912	2.929.488
Lottó úthlutað aðildarfélögum		79.288.846	70.163.416
Lagt í afreksmannasjóð	6	8.026.126	5.772.500
Annar kostnaður	sl 4	12.367.307	14.436.983
		<u>114.529.382</u>	<u>105.417.493</u>
(Tap) hagnaður fyrir vexti		(122.771)	1.462.713
Vextir			
Vaxtatekjur		894.792	988.658
Gengismunur		165.540	0
Vaxtagjöld, fjármagnstekjuskattur og þjónustugjöld		(287.806)	(315.470)
		<u>772.526</u>	<u>673.188</u>
Hagnaður ársins		<u>649.755</u>	<u>2.135.901</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir

	Skýr.	2019	2018
Fastafjármunir			
<i>Varanlegir rekstrarfjármunir</i>			
Sumarhús		30.000	30.000
Áhöld og búnaður		5.193.114	5.193.114
<i>Fastafjármunir</i>		<u>5.223.114</u>	<u>5.223.114</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur	sl 6	11.633.481	10.209.477
Bankainnstæður	sl 5	41.366.885	36.158.716
<i>Veltufjármunir</i>		<u>53.000.366</u>	<u>46.368.193</u>
Eignir		<u><u>58.223.480</u></u>	<u><u>51.591.307</u></u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé		5+6		
Flutt frá fyrra ári			26.490.956	24.355.055
Hagnaður ársins			649.755	2.135.901
Eigið fé sjóða			22.563.077	17.759.101
<i>Eigið fé</i>			<u>49.703.788</u>	<u>44.250.057</u>
Skammtímaskuldir				
Ýmsar skammtímaskuldir.....	sl 7		126.745	109.061
Ógreitt lottó.....			6.292.069	5.640.341
Laun og launatengd gjöld.....			2.100.878	1.591.848
<i>Skammtímaskuldir</i>			<u>8.519.692</u>	<u>7.341.250</u>
<i>Skuldir</i>			<u>8.519.692</u>	<u>7.341.250</u>
Eigið fé og skuldir			<u><u>58.223.480</u></u>	<u><u>51.591.307</u></u>

Skýringar

1. *Starfsemi*

Ungmennasamband Kjalarnesþings er héraðssamband innan Íþrótt- og ólympíusambands Íslands og starfar skv. lögum Ungmennasambands Kjalarnesþings samþykktum 8. febrúar 2001.

2. *Reikningsskilaaðferðir*

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og samkvæmt almennum reikningsskilaaðferðum með hliðstæðum hætti og árið áður.

Áunnið ótekið orlof fastra starfsmanna er reiknað og fært í ársreikninginn.

3. *Launamál*

Laun og tengd gjöld greinast þannig:	2019	2018
Laun og launatengd gjöld	13.109.191	12.115.106
	<u>13.109.191</u>	<u>12.115.106</u>
Meðalfjöldi starfa	1,1	1,0

4. *Skattamál*

Ungmennasamband Kjalarnesþings er ekki skattskyldur lögaðili og greiðir því ekki tekjuskatt.

5. *Eigið fé*

<i>Yfirlit eiginfjárreikninga:</i>	<i>Óráðstafað eigið fé</i>
Flutt frá fyrra ári	26.490.956
Hagnaður ársins	649.755
	<u>27.140.711</u>
<i>Eigið fé sjóða:</i>	
Landsmótssjóður	6.800.000
Söguritunarsjóður	2.276.250
Fræðslusjóður	3.650.000
Verkefnasjóður	3.000.000
Afreksmannasjóður	6.836.827
	<u>22.563.077</u>
	<u>49.703.788</u>
<i>6. Afreksmannasjóður</i>	
Skuldbinding frá fyrra ári	2.514.101
Lagt í afreksmannasjóð 2019	8.026.126
Úthlutað úr afreksmannasjóði 2019	(3.703.400)
	<u>6.836.827</u>

Sundurliðanir

	2019	2018
1. Tekjur		
Íslenskar getraunir	1.285.400	1.469.241
Lottó ÍSÍ	45.612.258	37.664.445
Lottó UMFÍ	54.730.289	51.139.924
Skattar aðildarféлага	2.157.300	1.907.910
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	9.650.864	7.963.314
Aðrir styrkir og tekjur	970.500	6.735.372
	<u>114.406.611</u>	<u>106.880.206</u>
2. Laun og launatengd gjöld		
Laun og launatengd gjöld	12.456.077	11.491.173
Áunnið orlof	53.114	23.933
Ökutækjastyrkir	600.000	600.000
	<u>13.109.191</u>	<u>12.115.106</u>
3. Kostnaður vegna mótahalds		
Battavellir	306	140.634
Biathlon	135.105	74.328
Boccia	129.200	0
Búningar	0	223.760
Dansmót UMSK	300.000	0
Eldri borgaraverkefni	107.570	0
Golf	0	7.348
Hlaupamark, fánar og tjöld	0	451.428
Landsmót	0	134.030
Skólahlaup UMSK	270.000	159.458
Skólamót í blaki	466.877	1.563.772
Unglingalandsmót	263.364	0
Verðlaun	65.490	174.730
	<u>1.737.912</u>	<u>2.929.488</u>

Sundurliðanir

4. Annar kostnaður

Aðkeypt þjónusta	0	349.240
Áhöld og búnaður, endurbætur skrifstofu	801.068	320.183
Bókhald, reikningagerð	276.024	257.920
Burðargjöld	1.829	8.415
Bækur, tímarit	5.980	2.990
Ferðakostnaður	1.114.004	3.840.735
Framlög og styrkir	1.017.930	1.585.200
Húsaleiga	735.564	694.056
Kynningar og fræðslumál	3.286.281	1.562.500
Landsmótssjóður	1.000.000	0
Námskeið	64.500	0
Ritföng, pappír, prentun	15.438	61.813
Símakostnaður	259.377	225.781
Stefnumótun	186.310	1.102.290
Söguritunarsjóður	0	743.750
Tryggingar	19.761	18.501
Tölvukostnaður	658.219	382.728
Veitingar, fundakostnaður	747.890	559.297
Verkefnasjóður	1.000.000	2.000.000
Þing og sérráð	1.177.132	721.584
	<u>12.367.307</u>	<u>14.436.983</u>

5. Bankainnstæður

Hlaupareikningur 8080 í Íslandsbanka	1.210.705	194.503
Trompbók 300034 í Íslandsbanka	29.616.429	25.731.716
Afreksmannasjóður reikningur 407716 í Íslandsbanka	601.480	1.000.871
Bakhjarl reikningur 660086 í Íslandsbanka	7.796.189	7.651.074
Evrureikningur 711221	2.142.082	1.580.552
	<u>41.366.885</u>	<u>36.158.716</u>

6. Skammtímakröfur

UMFÍ	5.703.540	4.174.678
ÍSÍ	5.929.941	4.623.797
Útistandandi kröfur	0	1.411.002
	<u>11.633.481</u>	<u>10.209.477</u>

7. Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreiddur kostnaður	126.745	109.061
	<u>126.745</u>	<u>109.061</u>

A photograph of a handball match. In the center, a player in a blue jersey with the number 13 is looking intently at a yellow and red handball. To her left, another player in a blue jersey with the number 7 is also looking at the ball. To the right, a player in a white jersey is reaching out with their hands to block or catch the ball. The background is slightly blurred, showing other players and the indoor court setting.

ANNA BRYNDÍS BLÖNDAL LYFJAFRÆÐINGUR

**AÐ STUNDA ÍÞRÓTTIR GERIR OKKUR BETRI Í HVERJU SEM ER.
ÞESS VEGNA STYÐJUM VIÐ ÞÆR ALLAR!**



LEIKURINN OKKAR